

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Kerhraun, svæði A, B og C – lóðir C77 og C78.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóða Kerhrauns C77 og C78. Í breytingunni felst að lóðamörkum milli lóðanna er breytt til að bæta aðkomu að lóð C78 auk þess sem byggingarreitur þeirrar lóðar er stækkaður.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. október 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. október 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 10. nóvember 2023